

Kæru foreldrar/forráðamenn nemenda í 8.-10. bekk

Þá höldum við áfram í næstu óvissuferð. Við höfum í dag endurskipulagt skólstarfið eins og kostur er og er markmiðið að þetta skipulag verði fram að helgi. Kannski þurfum við að breyta einhverju í ferlinu en við munum láta ykkur vita af því. Við erum búin að skipta öllum skólanum í hólf/svæði og höfum eins lítil samskipti á milli svæða og við mögulega getum. Við getum vissulega nýtt okkur reynsluna frá því í vor þar sem við erum á svipuðum stað núna og við vorum í mars.

Nú er staðan þannig að við verðum að nýta allt pláss í skólanum fyrir 1.-7. bekk og var sú ákvörðun tekin að 8.-10. bekkur yrði heima í fjarnámi a.m.k. þessa viku. Nemendur þurfa að mæta í fyrramálið til að sækja gögn í skólann og þurfa þá að vera með grímur. Síðan fara nemendur heim og vinna.

Nemendur hitta sína umsjónarkennara sem hér segir:

8. bekkur 8:10-8:30 mætir í stofu 45 og 46

9. bekkur 8:20-8:40 mætir í stofur 43 og 44

10. bekkur 8:30- 8:50 mætir í stofur 41 og 42 (athuga ekki í stofu 34 á B-gangi).